



Hafnarborg: Guðbjörg Lind er með málverkasýningu í aðalsal Hafnarborgar, menningar- og listastofnunar Hafnarfjarðar. Viðfangsefni hennar hafa frá upphafi verið tengd vatni; fyrst fossum og síðar óræðum og ímynduðum eyjum á haffleti.

Einnig er í Hafnarborg sýningin FLÖKT og er þar á ferðinni listakonan Anna Jóelsdóttir sem hlaut heiðursútnefningu School of the Art Institute of Chicago 2002. Sýningarnar standa til 8. september og eru opnar frá klukkan 11–17 alla daga nema þriðjudaga.

Listhús Ófeigs: Sýning á nýjum verkum Rögnu Sigrúnardóttur var opnuð um síðustu helgi í boði Listhúss Ófeigs að Skólavörðustíg 5, Reykjavík. Viðfangsefni Rögnu er blómaskeið lifandi hluta og spurningin hvort hræðslan við að eldast takmarki fegurðarmat okkar. Yfirskrift sýningarinnar er „Í blóma lífsins“.